

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð til byggingar og rekstrar gisti- og dvalarheimilis fyrir vanheil börn, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð til byggingar og rekstrar gisti- og dvalarheimilis
fyrir vanheil börn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður til byggingar og rekstrar gisti- og dvalarheimilis fyrir vanheil börn.“ Hann er stofnaður af hjónunum Sigrúnu Arnbjarnardóttur og Kristjáni Ásgeirssyni, til heimilis að Miðvangi 121, Hafnarfirði. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5 000.00 — fimm þúsund krónur.

3. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að taka á móti gjöfum, framlögum og áheitum o. sv. frv.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að standa straum af byggingu gisti- og dvalarheimilis fyrir vanheil börn, og síðar rekstri heimilisins, og skal það gjört á hvern þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðsstjórnar. Skal hún skipuð stofnendum, ættingjum þeirra, eða þeim, er þau myndu tilnefna sjálf í sinn stað, og einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum eða á annan tryggilegan hátt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af endurskoðanda.

7. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, sem er stofnframlag 5 000.00 kr. — fimm þúsund krónur, má aldrei skerða. Ráðstafa má öllum tekjum sjóðsins að öðru leyti.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef meirihluti sjóðsstjórnar óskar eftir því.

9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins, þá skulu allar eignir hans renna til stofnunar þeirrar, sem sjóðnum er ætlað að byggja, eða hliðstæðrar stofnunar að mati sjóðsstjórnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 6. maí 1975.

Sigrún Arnbjarnardóttir. Kristján Ásgeirsson. Guðrún Sigríður Þórarinsdóttir.